# Leikskólinn Glaðheimar Bolungarvík
# Starfsáætlun (endurmat)




Skólaárið 2021-2022

BOLUNGARVÍK

*Ég og þú og allir saman, treystum virðum - þá er gaman!*

# Efnisyfirlit

**Inngangur** 2

**Starfsáætlun Glaðheima** 2

Um leikskólann 4
- Gerð leikskóla 4
- Lög um leikskóla 4
  - Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera: 4
- Aðalnámskrá leikskóla 4
- Stefna og uppeldislegar áherslur 5
  - Einkunnarorð 5
  - Skólasýn 5
- Stoð- og sérfræðiþjónusta 6
- Tölulegar upplýsingar 6
  - Fjöldi barna 6

Starfsfólk 7
- Starfsmannastefna Glaðheima 8
  - Móttaka nýliða 8
- Starfsþróunaráætlun 8
- Starfsþróunarsamtöl 9
- Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu 9

Mat á skólastarfi 10
- Skimanaáætlun 11

**Foreldrasamstarf** 12
- Foreldrafundir og foreldrasamtöl 12
- Viðburðir 12
- Fréttabréf og heimasíða 12
- Foreldraráð 13
  - Stjórn foreldraráðs 2021 – 2022: 13
- Foreldrahandbók 13

Samstarf við grenndarsamfélag 14
- Samstarf leik- og grunnskóla 14
- Heilsugæslustöð 14

Öryggismál 14

Skóladagatal 15
- Sérstakir dagar 15

Lokaorð 16

# Inngangur

Hér á eftir fer mat á starfsáætlun skólaársins sem liðið er. Hver kafli er settur farm eins og hann birtist í starfsáætlun skólans í haust. Við lok hvers kafla kemur fram hvernig viðkomandi liður gekk, hvort áætlanir hafi gengið eftir og hvað má gera betur næst. Reitirnir eru litamerktir með grænum, ljósgrænum, gulum og rauðum.

| Litur | Lýsing |
|---|---|
| | Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir. |
| | Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar. |
| | Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar. |
| | Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum. |

# Starfsáætlun Glaðheima

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um **árlega starfsemi** leikskólans, birt **skóladagatal** og ýmsar aðrar **hagnýtar upplýsingar** um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í **foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysamála** eftir því sem við á.

Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skólanefnd tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Í lok hvers skólaárs gera stjórnendur mat á starfsáætlun liðins skólaárs með það í huga hvernig gekk miðað við það sem lagt var upp með. Á heimasíðu leikskólans er að finna mat á starfsáætlun síðasta skólaárs en einnig er gerð grein fyrir því mati í innra matsskýrslu sem er á heimasíðu skólans.

# Um leikskólann

## Gerð leikskóla
Leikskólinn er staðsettur í Bolungarvík og rekinn af sveitarfélaginu.
Heimilisfang leikskólans er Hlíðarstræti 16.
Skólastjóri leikskólans er faglegur leiðtogi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans og starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra.

## Lög um leikskóla
Leikskólinn Glaðheimar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum þessum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í gegnum leik og í skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildum.

**Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera**:
- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að huga að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.[1]

## Aðalnámskrá leikskóla
Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og endurútgefin árið 2011 og ber leikskólum að starfa samkvæmt henni. Hver leikskóli gerir skólanámskrá fyrir sinn leikskóla og mótar sér stefnu sem allt starfsfólk vinnur eftir. Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Leikskólar vinna sína skólanámskrá sem síðan þarf að meta og endurskoða.

*Skólanámskrá Glaðheima verður endurskoðuð samhliða innleiðingu nýrrar skólastefnu Bolungarvíkur sem samþykkt var í júní 2020. Skólastefnan verður innleidd á næstu þremur árum samkvæmt aðgerðaráætlun.*

[1] Lög um leikskóla 90/2008, 2. grein

## Stefna og uppeldislegar áherslur

Hugmyndafræði leikskólans byggist meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna, ásamt kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi.

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið **sýni virðingu, beri ábyrgð og sé traust.**

Stefna Glaðheima er að barnið læri í gegnum leikinn og verði virkt og skapandi í námi sínu og starfi. Barnið er hvatt til að rannsaka og læra af eigin reynslu. Í gegnum daglegt starf öðlast barnið lífsleikni þar sem leikurinn er aðal námstæki leikskólans.

### Einkunnarorð

Ég og þú og allir saman, treystum virðum - þá er gaman

### Skólasýn

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisn barnsins og höfum við því valið okkur eftirfarandi leiðarljós til að vinna eftir

- ➢ Berum virðingu fyrir okkur
- ➢ Berum virðingu fyrir öðrum
- ➢ Berum virðingu fyrir umhverfi og eigum

Með virðingu að leiðarljósi sköpum við heildstæða og sjálfbæra einstaklinga.

**Í Glaðheimum er gengið út frá:**

Að hvert barn fái notið hæfileika sinna og öðlist innri aga. Að barnið sýni góða hegðun af því að :"Hugurinn segir mér það"

**Markmið okkar eru**

- ➢ Að barnið, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- ➢ Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.
- ➢ Að starfsfólk sýni barninu virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni með faglegum og ábyrgum vinnubrögðum.
- ➢ Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins þannig að það verði sjálfstæður einstaklingur.
- ➢ Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins, veki með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.

**Megináherslur í starfi Glaðheima eru:**

- ➢ **Lífsleikni í leikskóla.** Lífsleikni er kennd í gegnum dygðir og byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.
- ➢ **Hreyfing.** Leikskólinn vinnur nú að innleiðingu á verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Embættis Landlæknis. Leikskólinn hefur innleitt YAP hreyfiprógramm í samstarfi við Íþróttafélag fatlaðra. Markmið er að þau börn sem þurfa auka hreyfiþjálfun fái þá þjálfun sem nauðsynleg er og að aukin umræða verði um gildi snemmtækrar íhlutunar á þessu sviði. Rannsóknir hafa sýnt að það getur reynst mjög árangursríkt að hefja markvissa hreyfiþjálfun snemma á lífsleiðinni og

það á ekki síst við um þau börn sem af einhverjum ástæðum eru með skerta hreyfifærni. Hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna.

- **Markviss málörvun.** Unnið er markvisst að því að efla málþroska nemenda, auka orðaforða þeirra og orðskilning og leggja með því dýrmætan grunn að læsi. Unnið er með bóklestur, sögur sagðar, loðtöflusögur, þulur, vísur, rím og hlustunarleiki. Markvisst er lesið einstaklingslega fyrir yngstu nemendur skólans og þá gripin færi sem gefast í leiktíma. Lögð er áhersla á samstarf heimilis og leikskóla þegar kemur að bóklestri og tvisvar á ári er sett af stað samstarfsverkefni þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börn sín.

## Stoð- og sérfræðiþjónusta

Bolungarvíkurkaupstaður er með samning við Ásgarð skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við skólastjórnendur, kennara, foreldra og annað starfsfólks felst fyrst og fremst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd, finna lausnir og rjúfa einangrun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnana og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar best hverju sinni.

Talþjálfun er að mestu á vegum Tröppu og fer fram í fjarfundarbúnaðinum Kara connect. Sálfræðiþjónusta við leikskólann er þjónusta á vegum Litlu kvíðameðferðarstöðvarinnar.

| | |
|---|---|
| | Reglulegir fundir eru milli stjórnenda leikskólans og skólaráðgjafar Ásgarðs sem hafa reynst stjórnendum mjög vel. Talþjálfun hjá Tröppu hefur gengið mjög vel og eru að jafnaði þrír nemendur í þjálfun í einu. Sálfræðiþjónusta hefur gengið að mestu eftir ef ekki hefur verið flogið hefur verið brugðist við með fjarviðtölum til þess að sem allra minnstar tafir verði á málum. |

## Tölulegar upplýsingar

### Fjöldi barna

í september 2021 verða 50 nemendur

| Árgangur | Drengir | Stúlkur | Alls |
|---|---|---|---|
| 2016 | 6 | 3 | 9 |
| 2017 | 1 | 8 | 9 |
| 2018 | 6 | 3 | 9 |
| 2019 | 8 | 6 | 14 |
| 2020 | 4 | 5 | 9 |
| **Fjöldi alls** | 25 | 25 | 50 |

| 1. september 2021 | |
|---|---|

| | |
|---|---|
| Sölutími | 420.5 |
| Dvalargildi | 583,23 |
| Barngildi | 72,9 |
| Heimiluð stöðugildi m/barngildi | 9,4 |

Fjölgun var um 4 nemendur frá september 2021 til mars 2022

# Starfsfólk

Hér má sjá sundurliðun eftir starfshlutfalli, menntun og stéttarfélagi:

| **Starfsfólk 1. september 2021:** | **Stöðugildi:** | **Stéttarfélag:** |
|---|---|---|
| Leikskólastjóri | 1 | FSL, Félag stjórnenda í leikskólum |
| Aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri | 1 | FSL, Félag stjórnenda í leikskólum |
| Deildarstjóri, leikskólakennari | 1,83 | FL, Félag leikskólakennara |
| Deildarstjóri | 1 | Fos vest |
| Sviðsstjóri íþrótta og heilsueflingar, Íþróttafræðingur | 1 | FL, Félag leikskólakennara |
| Leikskólakennari | 1,60 | FL, Félag leikskólakennara |
| Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. í leikskólakennarafræðum | 1 | FL. Félag leikskólakennara |
| Leikskólaleiðbeinandi A, aðrar uppeldisgreinar, (BA í sálfræði) | 1 | FL, Félag leikskólakennara |
| Leikskólaliði | 1 | VSB, Verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur |
| Leiðbeinendur | 2,77 | VSB, Verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur |
| Matráðar | 1,45 | VSB, verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur |
| Leiðbeinandi afleysing v/veikinda og orlofs | 1 | VSB, verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur |
| starfsmenn á vegum félagsþjónustu fatlaðra | 0,55 | |
| Ræsting | 0,5 | VSB, Verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur |
| **Stöðugildi alls:** | **16,7** | |

Tveir leiðbeinendur voru ráðnir inn í vetur til viðbótar vegna sérkennslu, fjölgunar nemenda og langtíma veikinda. Breyting var gerð á ræstingar starfinu þegar nýr starfsmaður tók við í haust.

| Fagmenntun miðað við stöðugildi: | Stöðugildi: | Fagmenntun í %: |
|---|---|---|
| Hlutfall kennara á deildum | 2,43 | 1,4% |
| Hlutfall kennara (sérkennsla, sérkennslustjórn, leikskólastjóri og íþróttir): | 4 | 2% |

Sérkennslustjóri á ekki fasta viðveru inn á deild. Sviðsstjóri íþrótta á bæði fasta viðveru á deild (leysir hluta undirbúning) og svo almenna íþróttakennslu.

## Starfsmannastefna Glaðheima

Leikskólinn hefur ekki gert sér sérstaka starfsmannastefnu. Heldur unnið eftir starfsmannastefnu Bolungarvíkurkaupstaðar sem má lesa hér.

21. nóvember 2012 var tekin ákvörðun um að fjögur gildi yrðu höfð að leiðarljósi í samskiptum og framkomu starfsfólks. Gildin eru virðing, heiðarleiki, umburðarlyndi og samvinna. Síðastliðin vetur voru gildin endurskoðuð og í framhaldi af því verður unninn starfsmannasáttmáli nú þegar leikskólinn er allur á einum stað. Áfram verði unnið í starfsmannastefnu leikskólans. Handbók verði endurskoðuð 2023.

| | |
|---|---|
| | Starfsmannasáttmáli var gerður í október 2021 en starfsmannastefna hefur ekki verið kláruð og vinnum við því enn eftir starfsmannastefnu Bolungarvíkurkaupstaðar |

### Móttaka nýliða

Móttökuáætlun starfsmanna var upphaflega unnin haustið 2019 og má finna hér og var endurskoðuð 2021.

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku og styður við nýja starfsmenn. Fundur með nýliðum á fyrstu dögum í starfi. Í móttökuáætlun er verkum skipt á milli skólastjórnenda og deildarstjóra.

| | |
|---|---|
| | Erum með flott móttökuáætlun en þurfum að æfa okkur í að nota hana. |

## Starfsþróunaráætlun

Með starfsþróun er átt við samfellt ferli sem miðar að því að auka og efla færni og þekkingu starfsmanns. Starfsþróunaráætlanir taka mið af starfsemi og markmiðum stofnunar og við mótun þeirra er stuðst við áherslur í starfi stofnunar, niðurstöður starfs- og hæfnigreiningar og umræðu í starfsmannasamtali.

Ábyrgðin hvílir bæði á vinnuveitanda og starfsmanni að því leyti að vinnuveitanda ber að skapa umgjörð og tækifæri til starfsþróunar en starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika og gera sér raunhæfa áætlun til framtíðar. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á brotthvarfi starfsmanns úr starfi.

Grunnur starfsþróunaráætlunar Glaðheima felst í því að tryggja að starfshæfni starfsfólks styðji við skólastefnu leikskólans, skólastefnu sveitarfélagsins og þá menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá leikskóla og er það meginmarkmið starfsþróunaráætlunarinnar.

**Haustönn 2021**

| **Heiti námskeiðs:** | **Þátttakendur:** |
|---|---|
| Einhverfa og CHARGE heilkenni | allir |
| Að efla sig í starfi | leiðbeinendur |
| Samskipti við börn | leiðbeinendur |
| Skyndihjálp | allir |

**Vorönn 2022**

| **Heiti námskeiðs:** | **Þátttakendur:** |
|---|---|
| Börn með sérþarfir | leiðbeinendur |
| Mál og talgallar | leiðbeinendur |

| | |
|---|---|
| | Starfþrónaráætlun gekk að mestu eftir. Skyndihjálparnámskeið færðist á vorönn 2022 |

## Starfsþróunarsamtöl

Á þessu skólaári 2021-2022 ætlum við í fyrsta sinn að hafa snerpusamtöl. Snerpusamtölin eru 4 sinnum yfir skólaárið og dreifast þannig, september, desember, mars og júní, samtölin taka um 15 mínútur. Í samtölunum verður meðal annars rætt um starfsþróun og líðan. Hvort starfsfólk óski eftir breytingu í starfi m.a starfshlutfall eða flutning innan leikskólans. Fræðsluþarfir og almennt um frammistöðu að mati starfsmannsins.

| | |
|---|---|
| | Snerpusamtölin hafa gengið vel. Þrjú af fjórum samtölum búin á þessu skólaári, fyrstu viðtölin voru sum aðeins lengri en 15 mín en í þriðja viðtali gekk tímaáæltun alveg eftir. Reyndar urðu tafir vegna covid-19 svo þriðju samtölin voru tekin 2 vikum seinna en fundaráætlun gerði ráð fyrir. Mjög góð reynsla er af þessum samtölum þar sem fólk fær oftar tækifæri til þess að tjá sig og er því ekki að safna upp málefnum sem þarf að ræða. |

## Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu

Starfsmannafundir eru 7 sinnum á ári í tvo tíma í senn frá kl. 14:00-16:00. Þar er farið yfir ýmis mál er varðar daglegt starf leikskólans, skýrslur og áætlanir skoðaðar. Stundum eru styttri námskeið. Deildarfundir og deildarstjórafundir eru 1 sinni í viku þ.e. hver deild fær einn fund í mánuði. Hver deild fær einn fund í mánuði og stjórnendafundir eru einnig einu sinni í mánuði.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundaráætlun 2021 - 2022

Nafn leikskóla: Glaðheimar

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 S | | 1 M | Haustfundur lokað kl. 14 | 1 F | | 1 M | | 1 M | Snerpusamtöl | 1 L | Nýársdagur |
| 2 M | Frídagur verslunarmanna | 2 F | Stjórnendur | 2 L | | 2 Þ | Innramatsteymi | 2 F | Gil | 2 S | |
| 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 F | | 3 M | Starfsdagur |
| 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | Gil | 4 L | | 4 Þ | |
| 5 F | Grundir | 5 S | | 5 Þ | Innramatsteymi | 5 F | | 5 S | | 5 M | |
| 6 F | | 6 M | | 6 M | | 6 L | | 6 M | | 6 F | Stjórnendur |
| 7 L | | 7 Þ | Innramatsteymi | 7 F | Gil | 7 S | | 7 Þ | Innramatsteymi | 7 F | |
| 8 S | | 8 M | Snerpusamtöl | 8 F | | 8 M | | 8 M | | 8 L | |
| 9 M | | 9 F | Gil | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | Grásteinn | 9 S | |
| 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | | 10 F | | 10 M | |
| 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | Grundir | 11 L | | 11 Þ | Innramatsteymi |
| 12 F | Grásteinn | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | |
| 13 F | | 13 M | | 13 M | | 13 L | | 13 M | | 13 F | Gil |
| 14 L | | 14 Þ | | 14 F | Grásteinn | 14 S | | 14 Þ | | 14 F | |
| 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | | 15 M | | 15 L | |
| 16 M | Starfsdagur | 16 F | Grundir | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | Grundir | 16 S | |
| 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 F | | 17 M | |
| 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | Grásteinn | 18 L | | 18 Þ | |
| 19 F | Innramatsteymi | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 M | |
| # F | | # M | | # M | Fundur lokað kl. 14 | # L | | # M | | # F | Grundir |
| 21 L | | 21 Þ | | 21 F | Grundir | 21 S | | 21 Þ | | 21 F | |
| # S | | # M | | # F | | # M | | # M | | # L | |
| # M | | # F | Grásteinn | # L | Fyrsti vetrardagur | # Þ | [illegible] | # F | Þorláksmessa | # S | |
| # Þ | | # F | | # S | | # M | Fundur lokað kl. 14 | # F | Aðfangadagur jóla | # M | |
| # M | [illegible] | # L | | # M | | # F | Stjórnendur | # L | Jóladagur | # Þ | |
| # F | | # S | | # Þ | | # F | | # S | Annar í jólum | # M | |
| # F | | # M | | # M | | # L | | # M | | # F | Grásteinn |
| # L | | # Þ | | # F | Stjórnendur | # S | | # Þ | | # F | |
| # S | | # M | | # F | | # M | | # M | | # L | |
| # M | | # F | Stjórnendur | # L | | # Þ | | # F | | # S | |
| 31 Þ | | | | 31 S | | | | 31 F | Gamlársdagur | 31 M | |

| FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | Innramatsteymi | 1 Þ | Innramatsteymi | 1 F | Innramatsteymi | 1 S | Verkalýðsdagurinn | 1 M | Snerpusamtöl | 1 F | |
| 2 M | | 2 M | Snerpusamtöl | 2 L | | 2 M | | 2 F | Grundir | 2 L | |
| 3 F | Stjórnendur | 3 F | Stjórnendur | 3 S | | 3 Þ | Innramatsteymi | 3 F | | 3 S | |
| 4 F | | 4 F | | 4 M | | 4 M | Fundur lokað kl. 14 | 4 L | | 4 M | |
| 5 L | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | Grundir | 5 S | Hvítasunnudagur | 5 Þ | |
| 6 S | Dagur leikskólans | 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | Annar í hvítasunnu | 6 M | |
| 7 M | | 7 M | | 7 F | Gil | 7 L | | 7 Þ | Innramatsteymi | 7 F | |
| 8 Þ | | 8 Þ | | 8 F | | 8 S | | 8 M | | 8 F | |
| 9 M | Starfsdagur | 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | Grásteinn | 9 L | |
| 10 F | Gil | 10 F | Gil | 10 S | Pálmasunnudagur | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | |
| 11 F | | 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | |
| 12 L | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | Stjórnendur | 12 S | | 12 Þ | |
| 13 S | | 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | |
| 14 M | | 14 M | | 14 F | Skírdagur | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | |
| 15 Þ | | 15 Þ | | 15 F | Föstudagurinn langi | 15 S | | 15 M | | 15 F | |
| 16 M | | 16 M | Fundur kl. 14 | 16 L | | 16 M | | 16 F | Stjórnendur | 16 L | |
| 17 F | Grásteinn | 17 F | Grundir | 17 S | Páskadagur | 17 Þ | | 17 F | Lýðveldisdagurinn | 17 S | |
| 18 F | | 18 F | | 18 M | Annar í páskum | 18 M | | 18 L | | 18 M | |
| 19 L | | 19 L | | 19 Þ | | 19 F | Gil | 19 S | | 19 Þ | |
| # S | | # S | | # M | Fundur kl. 14 | # F | | # M | | # M | |
| 21 M | | 21 M | | 21 F | Sumardagurinn fyrsti | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | |
| # Þ | | # Þ | | # F | | # S | | # M | | # F | |
| # M | [illegible] | # M | | # L | | # M | | # F | | # L | |
| # F | Grundir | # F | Grásteinn | # S | | # Þ | | # F | | # S | |
| # F | | # F | | # M | | # M | [illegible] | # L | | # M | |
| # L | | # L | | # Þ | | # F | Uppstigningardagur | # S | | # Þ | |
| # S | | # S | | # M | | # F | Starfsdagur | # M | | # M | |
| # M | | # M | | # F | Grásteinn | # L | | # Þ | | # F | |
| | | # Þ | | # F | | # S | | # M | | # F | |
| | | # M | | # L | | # M | | # F | | # L | |
| | | 31 F | Stjórnendur | | | 31 Þ | | | | 31 S | |

| | |
|---|---|
| | Fundaráæltun gekk að mestu eftir einhverjir fundir færði til vegna undirmönnunar eða veðurs. |

# Mat á skólastarfi

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.
Sjá nánar ***Lög um leikskóla; VII. kafli. Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.***

Veturinn 2019-2020 hófst vinna við endurskoðun á innra mati skólans, matsteymi skipað, unnin langtímaáætlun um innra mat; hvað er metið, hvernig, hvenær og hvernig unnið er að úrbótum. Ný skólastefna var samþykkt sumarið 2020 og í kjölfar hennar var ákveðið að innleiðing stefnunnar færi fram í gegnum innra mat leikskólans. Unnir voru gátlistar um gæði leikskólastarfs byggðir á gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar sem eru notuð við ytra matsúttektir og skólastefnu sveitarfélagsins. Gæðaviðmiðin verða innleidd á næstu árum og taka til allra þátta leikskólastarfsins og falla því vel að þeirri vinnu sem hófst veturinn 2019-2020 þegar farið var í gegnum viðmið um innra mat. Gæðaviðmið leikskólastarf eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- Stjórnun
- Uppeldis- og menntastarf
- Leikskólabragur
- Foreldrasamstarf

- Innra mat

Nú í lok skólaársins 2020-2021 er staðan þannig að búið er að setja gæðaviðmið fyrir alla þætti matsins. Leikskólinn hefur metið sig gagnvart þáttunum “innra mat” og “uppeldis- og menntastarf”. Veturinn 2021-2022 verða gæðaviðmið “stjórnunar” og “foreldrasamstarfs” innleidd markvisst og skólaárið 2022-2023 verða gæðaviðmið “leikskólabragur” innleidd og metin.

**Matsteymi** var skipað í október 2019 en það skipa:
Skólastjóri:Ragnheiður I Ragnarsdóttir
Fulltrúi leikskólakennara: Steinunn Ragnarsdóttir
Fulltrúi annars starfsfólks: Kristín Ósk Jónsdóttir
Fulltrúi foreldra: Bjarnveig S Jakobsdóttir (kom ný inn í teymið 1. okt.20)

Teymið sér um **skipulag matsins** og ber ábyrgð á **framkvæmd** þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við ráðgjafa Ásgarðs.

Nánar um mat á skólastarfi má lesa á heimasíðu skólans.

## Skimanaáætlun

Sérkennslustjóri heldur utan um fyrirlögn skimana. EFI -2 er lagt fyrir alla nemendur á fjórða ári. Hljóm-2 er lagt fyrir alla nemendur á seinasta ári leikskólans að hausti og endurtekið ef þörf er á að vori. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir í samvinnu við foreldra vegna einstakra nemenda ef áhyggjur vakna af þroskaframvindu þeirra. Bók barnsins er fyllt út einu sinni á ári af kennurum á deild barnsins og í framhaldi af því eru foreldrar boðaðir í viðtal.

| **Matstæki** | **Hvers konar** | **Hversu oft** | **Áhersluþættir** | **Hver leggur matið fyrir** |
|---|---|---|---|---|
| **Smábarnalistinn (15-38 mán.)** | Stöðupróf | Ef þarf | Hreyfiþroski, vitsmuna- og málþroski. | Sérkennslustjóri/kennari með réttindi, mæður svara. |
| **TRAS**<br>**Öll börn frá 2 til 5 ára** | Stöðupróf | Ef þarf | Mál- og félagsþroski | Kennari með réttindi/sérkennslustjóri. |
| **EFI - 2** | Stöðupróf | Öll börn á 4. ári | Málþroski | Sérkennslustjóri/kennari með réttindi. |
| **Íslenski þroskalistinn (3-6 ára)** | Stöðupróf | Ef þarf | Hreyfiþroski, vitsmuna- og málþroski | Sérkennslustjóri/kennari með réttindi, mæður svara. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hljóm-2**<br>**Allur elsti árgangur** | Skimunarpróf | Að hausti, endurmat að vori ef þörf er á | Hljóðkerfisvitund | Sérkennslustjóri/kennari með réttindi. |
| **Íslenski málhljóðamælirinn** | Skimunarpróf | Ef þarf | Framburðar- og hljóðkerfisþáttum | Sérkennslustjóri |
| **YAP hreyfiþroskapróf** | Skimunarpróf | Öll börn á 5. ári | Grófheyfingar, jafnvægi og boltagrip. | Sviðsstjóri íþrótta og heilsueflingar |
| **Sænska fínhreyfiprófið (finmotorisk utvecklingsstatus)** | Skimunarpróf | Öll börn á 4. ári | fínhreyfingar, grip um skriffæri og skæri. | Iðjuþjálfi |

| | |
|---|---|
| | Skimunaráætlun gekk að öllu leyti eftir. |

# Foreldrasamstarf

Í Glaðheimum er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Það má með sanni segja að góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og kennara sé ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Foreldrar þekkja sitt barn best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

## Foreldrafundir og foreldrasamtöl

Foreldrafélag leikskólans býður til foreldrafundar að hausti. Allir foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtal einu sinni á ári í afmælismánuði barnsins og oftar ef þörf er á. Foreldrar nýrra nemenda eru boðaðir í samtal hjá deildarstjóra áður en leikskólaganga hefst.

## Viðburðir

Á föstudögum brjótum við upp daglegt starfs með ýmsum uppákomum.
Einnig reynum við að halda í gamlar hefðir s.s. þorrablót og sólarpönnukökur.
Foreldrum er alltaf boðið í kaffi og föndur í desember.

## Fréttabréf og heimasíða

Reglulega koma fréttir úr starfinu á heimasíðu leikskólans og einnig eru þar gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra.

Fréttabréf eru yfirleitt send í tölvupósti til foreldra einu sinni í viku. Þar eru myndir úr starfinu og stuttur texti um það helsta sem hefur verið gert í vikunni. Einnig eru stuttar tilkynningar og upplýsingar varðandi starfið á skilaboða skjá í anddyri skólans

## Foreldraráð

Samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal skipa foreldraráð við alla leikskóla. Foreldraráðið skal skipað þremur foreldrum að lágmarki. Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Handbók foreldraráða má lesa hér.

**Stjórn foreldraráðs 2021 – 2022:**

Bjarnveig Jakobsdóttir (fulltrúi foreldra í innra matsteymi leikskólans)
?(situr fyrir hönd foreldra í fræðslumála- og æskulýðsráði)
Inga Rós Georgsdóttir
Sigurbjörg Hallgrímsdóttir
Guðrún Halldóra er að hætta í foreldraráði og nýr fulltrúi verður kosinn inn á haustfundi foreldra 1. september. Á fyrsta fundi nýs ráðs verður ákveðið hver muni sitja fyrir hönd foreldra í fræðslumála- og og æskulýðsráði.

| | |
|---|---|
| | Magnús Ingi Jónsson kom nýr inn í ráðið og situr fyrir hönd foreldra í Fræðslumála- og æskulýðsráði. |

Reglur foreldraráðs má sjá hér á heimasíðu.

## Foreldrahandbók

Hér má sjá foreldrahandbók leikskólans þar sem eru allar helstu upplýsingar um leikskólann og hvað er gott að vita þegar barn byrjar skólagöngu sína í Glaðheimum.

# Samstarf við grenndarsamfélag

Í Glaðheimum er lögð mikil áhersla á gott samstarf við alla í grenndarsamfélagi leikskólans og sveitarfélagið allt.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Gott samstarf er milli skólastiganna og fara elstu nemendur leikskólans í reglubundnar heimsóknir í grunnskólann auk þess sem nemendur 1. bekkjar koma sömuleiðis í heimsóknir í leikskólann. Unnið er með skólastjóra grunnskólans og kennurum 1. bekkjar að samstarfinu og samstarfsáætlun unnin fyrir hverja önn. Samstarfsfundir eru haldnir að hausti yfir skólaárið. Annars er fundað eins og þörf er á.

| | |
|---|---|
| | Erfiðlega gekk að koma skólaheimsóknum inn í dagskrá skólanna m.a. vegna Covid-19. Til voru gamlar verklagsreglur um samstarf skólana en búið er að bæta þær og gera nýjar og munu báðir skólar setja þær inn í starfsáætlanir og skóladagatöl næsta skólaárs. https://gladheimar.leikskolinn.is/gla%C3%B0heimar/%C3%A1%C3%A6tlanir/samstarfleikoggrunn2022.pdf |

## Heilsugæslustöð

Leikskólinn er í góðu samstarfið við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Heilbrigðisstofnun boðar til og hefur umsjón með ung- og smábarnavernd. Þegar börn eru boðuð í 4 ára skoðun fylla starfsmenn leikskólans út lista um þroska barnsins.

# Öryggismál

Verkstjóri Áhaldahús sér um lóð leikskólans og allt minniháttar viðhald innan og utan húss. Verkstjóri sér einnig um að hringja til iðnaðarmenn í stærri verkefni. Árlegt öryggiseftirlit er frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Eldvarnaeftirlitinu og er skýrslum skilað eftir hverja úttekt. Öll slökkvitæki eru tekin í gegn og yfirfarin ár hvert af slökkviliði og sér umsjónarmaður eignasjóðs um það.

- Rýmingaráætlun er í leikskólanum og er hún kynnt fyrir öllu starfsfólki. Kennarar og skólastjórnendur standa fyrir brunaæfingu tvisvar á ári. Ný rýmingaráætlunar var gerð vor 2021 fyrir skólann í nýju og uppgerðu húsnæði. Áhættumat er endurskoðað ár hvert og er geymt á skrifstofu skólastjóra.
- Rekstrarskoðun á lóð og leiktækjum leikskólans er gerð árlega og hefur verkstjóri áhaldahús og leikskólastjóri umsjón með henni.
- Starfsfólk leikskólans sækir námskeið í skyndihjálp á tveggja til þriggja ára fresti. Í leikskólanum eru sjúkragögn til að bregðast við fyrstu hjálp og eru þau yfirfarin árlega og oftar ef þarf. Hjartastuðtæki er í leikskólanum. Starfsfólkið fór síðast á námskeið árið 2018, næsta námskeið er áætlað 2021.
- Verði slys á börnum í leikskólanum eru þau skráð á sérstök eyðublöð og skráningar teknar saman í lok hvers árs. Ef alvarleg slys eiga sér stað ber að tilkynna þau til lögreglu og lögregluskýrsla gerð í framhaldinu. Lögregluskýrsla er varðveitt hjá lögreglu en skólastjórnandi fær afrit óski hann þess.
- Verði slys á starfsfólki á vinnutíma sem hafa í för með sér fjarveru frá vinnu eru þau skráð á slysaskráningarblöð leikskólans og tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

# Skóladagatal

Starfsáætlun nemenda birtist fyrst og fremst í skóladagatali Glaðheima. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans að vori - leikskólastjóri gerir tillögu að skóladagatali, ber undir foreldraráð og að lokum er skóladagatal staðfest í fræðsluráði. Skóladagatal er sent í tölvupósti til allra foreldra að hausti og aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Glaðheimar

Sumarfrí frá 4. júlí - 2. ágúst

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 S | | 1 M | Haustfundur lokað kl. 1 | 1 F | Vinastund Grásteinn | 1 M | | 1 M | Fullveldisdagurinn | 1 L | Nýársdagur | 1 Þ | | 1 Þ | Sprengidagur | 1 F | Blár dagur | 1 S | Verkalýðsdagurinn | 1 M | Foreldradagur | 1 F | Sulludagur |
| 2 M | Frídagur verslunarmanna | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | Bakstur | 2 S | | 2 M | | 2 M | Öskudagur | 2 L | | 2 M | Myndlistarsýning | 2 F | | 2 L | |
| 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 F | Foreldrakaffi | 3 M | starfsdagur/lokað | 3 F | | 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | Útskrift elstu barna | 3 S | |
| 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | | 4 F | | 4 M | | 4 M | Fundur lokað kl. 14 | 4 L | | 4 M | Sumarfrí |
| 5 F | | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | Hatta og húfu dagur | 5 S | | 5 M | | 5 L | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | Hvítasunnudagur | 5 Þ | |
| 6 F | Regnbogadagur | 6 M | Bókavika | 6 M | | 6 L | | 6 M | | 6 F | Þrettándinn | 6 S | Dagur leikskólans | 6 S | | 6 M | Íþróttadagur | 6 F | | 6 M | Annar í Hvítasunnu | 6 M | |
| 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | | 7 Þ | | 7 F | Náttfatadagur | 7 M | | 7 M | | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | Vika sjávar | 7 F | |
| 8 S | | 8 M | Dagur læsis | 8 F | Skipulögð útivera Gil | 8 M | Baráttudagur gegn einelti | 8 M | | 8 L | | 8 Þ | | 8 Þ | | 8 F | | 8 S | | 8 M | Fundur lokað kl. 14 | 8 F | |
| 9 M | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | | 9 S | | 9 M | Starfsdagur / námskeið | 9 M | | 9 L | | 9 M | Útiskóli | 9 F | | 9 L | |
| 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | | 10 F | Skipulögð útivera Grásteinn | 10 M | | 10 F | | 10 F | | 10 S | Pálmasunnudagur | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | |
| 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 L | | 11 Þ | | 11 F | Dagur íslenska táknmálsins | 11 F | Dótadagur | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | |
| 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 L | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | Sjómannadagurinn | 12 Þ | |
| 13 F | Hjóladagur | 13 M | Útiskóli | 13 M | | 13 L | | 13 M | | 13 F | | 13 S | | 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | |
| 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 Þ | | 14 F | Vasaljósadagur | 14 M | | 14 M | Dagur stærðfræðinnar | 14 F | Skírdagur | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | |
| 15 S | | 15 M | | 15 F | Bleikur dagur | 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 Þ | | 15 Þ | | 15 F | Föstudagurinn langi | 15 S | | 15 M | | 15 F | |
| 16 M | Starfsdagur/námskeið | 16 F | Dagur íslenskrar náttúru | 16 L | | 16 Þ | Dagur íslenskrar tungu | 16 F | | 16 S | | 16 M | | 16 M | Fundur lokað kl. 14 | 16 L | | 16 M | | 16 F | Skrúðganga | 16 L | |
| 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 F | Jólastund | 17 M | | 17 F | | 17 F | | 17 S | Páskadagur | 17 Þ | | 17 F | Lýðveldisdagurinn | 17 S | |
| 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | Rugludagur | 18 F | | 18 M | Annar í páskum | 18 M | | 18 L | | 18 M | |
| 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 M | | 19 L | | 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | |
| 20 F | Útidótadagur | 20 M | | 20 M | Fundur lokað kl.14 | 20 L | Dagur mannréttinda ba | 20 M | | 20 F | | 20 S | Konudagur | 20 S | | 20 M | Fundur lokað kl. 14 | 20 F | Lambaferð | 20 M | | 20 M | |
| 21 L | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | | 21 Þ | | 21 F | Bóndadagur/ þorrablót | 21 M | | 21 M | Mislitir sokkar | 21 F | Sumardagurinn fyrsti | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | |
| 22 S | | 22 M | | 22 F | Bangsadagur | 22 M | | 22 M | | 22 L | | 22 Þ | | 22 Þ | | 22 F | Sólgleraugnadagur | 22 S | | 22 M | | 22 F | |
| 23 M | | 23 F | | 23 L | Fyrsti vetrardagur | 23 Þ | | 23 F | Þorláksmessa | 23 S | | 23 M | | 23 M | | 23 L | | 23 M | | 23 F | | 23 L | |
| 24 Þ | | 24 F | Íþróttadagur | 24 S | | 24 M | Fundur lokað kl. 14 | 24 F | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 F | | 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | Hjóladagur | 24 S | |
| 25 M | | 25 L | | 25 M | | 25 F | | 25 L | Jóladagur | 25 Þ | | 25 F | Vinastund Grásteinn | 25 F | Vinastund Grundir | 25 M | | 25 M | | 25 L | | 25 M | |
| 26 F | | 26 S | Evrópski tungumálada | 26 Þ | | 26 F | Vinastund Gil | 26 S | Annar í jólum | 26 M | | 26 L | | 26 L | | 26 Þ | | 26 F | Uppstigningardagur | 26 S | | 26 Þ | |
| 27 F | Skipulögð útivera Grundir | 27 M | | 27 M | | 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 S | | 27 S | | 27 M | | 27 F | Starfsdagur/lokað | 27 M | | 27 M | |
| 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | | 28 Þ | | 28 F | Sólarpönnukökur | 28 M | Bolludagur | 28 M | | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | |
| 29 S | | 29 M | | 29 F | Vinastund Grundir | 29 M | | 29 M | | 29 L | | | | 29 Þ | | 29 F | Vinastund Gil | 29 S | | 29 M | | 29 F | |
| 30 M | | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | | | 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | 30 L | |
| 31 Þ | | | | 31 S | | | | 31 F | Gamlársdagur | 31 M | Tannverndarvika | | | 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | |

Smelltu hér til að opna skóladagatal 2021-2022 á heimasíðu leikskólans

| | |
|---|---|
| | Erfiðlega gekk að fá skóladagatalið samþykkt í Fræðslumála- og æskulýðsráði. Ágreiningur var um jólalokun leikskólans sem hafði verið tvö ár á undan og var dagatalið því birt að hausti með fyrirvara um jólalokun. í framhaldi af því tóku foreldrar sig saman og skrifuðu bréf þar sem óskað var eftir að leikskólinn væri opinn milli jóla og nýárs. Dagatalið var samþykkt 11. ágúst 2021 með opnun milli jóla og nýárs. |

## Sérstakir dagar

- Vinastundir
- Baráttudagur gegn einelti
- Bókavika
- Foreldrakaffi
- Jólastund
- Dótadagur
- Þorrablót
- Sólarpönnukökur
- Dagur leikskólans
- Tannverndarvika

- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Myndlistarsýning
- Lambaferð
- Útskrift elstu barna
- Hjóladagur
- Sulludagur

# Lokaorð

Nú er skólastarfið að komast í fastar skorður eftir miklar breytingar og áskoranir. Kennurum gengur orðið vel að vinna í nýju húsnæði og að nýta kosti þess til kennslu. Starfsaðstæður kennara og nemenda eru gjörbreyttar frá því sem var.

Starfsáæltun síðasta skólaárs gekk að mestu eftir, Covid-19 setti strik í reikninginn á nokkrum stöðum og var kannski ekki að auðvelda kennurum og foreldrum að aðlagast nýju húsnæði. Einn daginn voru foreldrar velkomnir en þann næsta máttu þeir einungis koma inn í fataherbergi skólans og stoppa eins stutt við og hægt væri.

Skólinn hefur gert miklar breytingar á áætlana og skýrslugerð síðustu tvö árin. Með tilkomu nýrrar skólaskrifstofu urðu miklar breytingar á því. Það hefur tekið smá tíma að venjast nýjum vinnubrögðum en nú fer þetta allt að verða einfaldara þar sem form er komið á skýrslurnar og vinna við næstu skýrslur því auðveldari. Innleiðing nýrrar skólastefnu gengur vel.

Að lokum við ég þakka fyrir síðustu 17 ár sem skólastjóri leikskólans Glaðheima og óska nýjum stjórnendum velfarnaðar í starfi.

**Ragnheiður I. Ragnarsdóttir**

**Leikskólastjóri**